



14. júní 2023
Tilv.: 2306071

Dreifibréf númer: 26/2023
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Reglur um innleiðingu reglugerða (ESB) samkvæmt CRD og CRR.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út þrjú umræðuskjöl, nr. 9 - 11/2023, sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB (CRD) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 1. og 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í umræðuskjali nr. 9/2023 er að finna drög að reglum um upplýsingagjöf vegna umsóknar um starfsleyfi sem lánastofnun. Með reglunum verða innleiddar reglugerðir (ESB) 2022/2580 og 2022/2581 um veitingu upplýsinga þegar sótt er um starfsleyfi sem lánastofnun.

Í umræðuskjali nr. 10/2023 er að finna drög að nýjum reglum um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja. Í núgildandi reglum um sama efni nr. 1699/2022 eru innleiddar reglugerðir (ESB) nr. 183/2014, 2015/585, 2016/1646, 2018/171, 2021/931 og 2022/954. Með nýju reglunum verður jafnframt innleidd reglugerð (ESB) 2022/1650, sem breytir reglugerð (ESB) 2016/1646, að því er varðar aðalvísitölur og viðurkenndar kauphallir. Með gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur nr. 1699/2022.

Í umræðuskjali nr. 11/2023 er að finna drög að nýjum reglum um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja. Í núgildandi reglum um sama efni nr. 1083/2021 eru innleiddar reglugerðir (ESB) nr. 525/2014, nr. 526/2014, nr. 528/2014, nr. 530/2014, nr. 945/2014, 2015/2197, 2016/101, 2018/728, 2018/1580, 2019/2091, 2020/125, 2020/866 og 2021/249. Með nýju reglunum verða jafnframt innleiddar reglugerðir (ESB) 2022/2058, 2022/2059, 2022/2060, 2022/2257 og 2022/2328 varðandi útreikning á markaðsáhættu fjármálafyrirtækja. Með gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur nr. 1083/2021.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 21. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

